

## Starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við stefnu skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknum mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við stefnu skólans og undir verkstjórn skólastjóra.

| Hver                 | Hvað                                       | Hvenær                                  | Af hverju  |
|----------------------|--|---|--|
| Kennarar, valfrjálst | Fræðsludagar í HA                          | 13. og 14. ágúst.                       | Liður í starfsþróun og endurmenntun.   |
| Allt starfsfólk      | Sameiginlegur starfsdagur Þingeyjarsveitar | 15. ágúst.                              |  |
| Allir kennarar       | Læsi fyrir lífið                           | 11. september.                          | Þróunarverkefni.   |
| Kennarar, valfrjálst | Læsisráðstefna í HA                        | 13.-14. september.                      | Liður í að efla þekkingu kennara.  |
| Kennarar, valfrjálst | Utis online ráðstefna                      | 21.-22. september.                      | Liður í að auka fræðslu og þekkingu á þeim tækifærum sem hægt er að nýta í skólastarfi.                |
| Ákveðnir kennarar    | Tæknilausnir í skólastarfi, ráðgjöf.       | Október.                                | Liður í að efla færni og þekkingu kennara.   |
| Allir kennarar       | Læsi fyrir lífið, áhorf og ráðgjöf.        | 14. október.                            | Þróunarverkefni.   |
| Allir kennarar       | Farsæld barna, kynning og fræðsla.         | Október og eftir þörfum allt skólaárið. | Liður í að framfylgja lögum og fræða um verkferla, úrræði og hlutverk skóla, tengiliða og starfsfólks. |
| Allir kennarar       | Læsi fyrir lífið. Námskeið, ritunarráttur. | Nóvember.                               | Þróunarverkefni.   |
| Allir kennarar       | Mentor kynning og fræðsla.                 | Nóvember og eftir þörfum.               | Liður í að efla færni og þekkingu og til að efla tengsl heimilis og skóla.                             |
| Ákveðnir kennarar    | Byrjendalæsi, vinnusmiðja                  | Nokkrum sinnum yfir skólaárið.          | Liður í að viðhalda og efla þekkingu.  |

|                      |   |                                |  |
|----------------------|---|--------------------------------|--|
| Allt starfsfólk      | Skyndihjálp                                   | 15. janúar.                    | Til að auka þekkingu starfsfólks á fyrstu hjálpi og að þau geti beitt henni ef á þarf að halda.      |
| Allt starfsfólk      | Skólaheimsóknir                               | 3.-4. apríl.                   | Til að sjá og kynna skólustarfi í öðrum skólum. Liður í að auka m.a. þekkingu, fagvitund og víðsýni. |
| Stoðteymi            | Stoðteymisfundir – innri starfsþróun          | Allt skólaárið.                | Liður í starfsþróun og endurmenntun.   |
| Allir kennarar       | Teymisfundir – innri starfsþróun              | Allt skólaárið.                | Liður í starfsþróun.   |
| Allir kennarar       | Rýnt í niðurstöður tengla- og líðankannana.   | Okt/nóv og feb/mars.           | Liður í því að huga að vellíðan nemenda og samkvæmt umbótaráætlun.                                   |
| Allt starfsfólk      | Jákvæður agi – Fræðsla, upprifjun og æfingar. | Mánaðarlega yfir skólaárið.    | Samkvæmt stefnu skólans og liður í að auka færni og þekkingu starfsfólks.                            |
| Kennarar, valfrjálst | Þingmennt.                                    | Nokkrum sinnum yfir skólaárið. | Liður í starfsþróun og endurmenntun.   |
| Kennarar, valfrjálst | Eymennt.                                      | Fjórum sinnum yfir skólaárið.  | Liður í starfsþróun og endurmenntun.   |
| Allir                | Starfsþróun að eigin vali.                    | Reglulega yfir skólaárið.      | Liður í starfsþróun og endurmenntun.   |

### Starfsþróunaráætlun starfsmanna

Hver starfsmaður heldur utan um sína endur- og símenntun og skráir hjá sér. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimild að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánari samkomulagi við kennara.

## Yfirlit yfir starfsþróun

| Hvað ( <i>námskeið/bók/tímarit/sjónvarpsefni/annað</i> ) | Hvenær | Klst. | Athugasemdir |
|--|--------|-------|--------------|
|  |        |       |              |
|  |        |       |              |
|  |        |       |              |
|  |        |       |              |
|  |        |       |              |
|  |        |       |              |

## Útreikningar á tímum í endurmenntun:

Á starfstíma skóla innan viðveru í skóla, stuðull 1

Á starfstíma skóla utan viðveru í skóla, stuðull 1,33

Á starfstíma skóla um helgar, stuðull 1,45

Utan starfstíma skóla, stuðull 1

Kynning/kennsla sem kennari sér um, stuðull 4